

## ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Störf og afþreying á íþróttasvæði UMF Einingarinnar
Markmið	Skapa vinnu fyrir námsfólk í Bárðardal (sem annars hefði haft vinnu í ferðaþjónustu) og byggja upp innviði ferðaþjónustu sem er einnig samfélaginu til góða
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	Eins og allir vita er staða í ferðaþjónustu afleit í sumar vegna COVID-19 veirunnar en ferðaþjónustan hefur að langmestu leyti byggst á erlendum ferðamönnum. Mörg sumarstörf námsmanna byggja á ferþjónustu eða afleiddum störfum í ferðaþjónustu. Í sumar er því einna helst horft á möguleikann á að fá íslenska ferðamenn inn á svæðið en til þess að það hafi einhver áhrif er nauðsynlegt að ná til fleiri Íslendinga og fá þá til að dvelja lengur á svæðinu. Undanfarin ár eru íslenskir gestir fyrst og fremst fólk sem kemur á tjaldsvæðin. Ungmennafélagið Einingin ákvað því að slá tvær flugur í einu höggi en það er að fara í verkefni sem skapar námsmönnum störf með því að byggja upp afþreyingu á íþróttasvæði sínu sem eykur líkur á að íslenskir ferðamenn dvelji lengur á svæðinu. Svona verkefni styrkir þannig grunninn á að ungfólkið geti fengið meiri vinnu í ferðaþjónustu á svæðinu. Fleiri kostir eru við verkefnið en aðstaðan nýtist einnig fyrir heimamenn. (Sjá verk- og kostnaðaráætlun í fylgiskjali)
Framkvæmdaaðili	Ungmennafélagið Einingin
Samstarfsaðilar	Kiðagil ehf. Stóruvellir ehf. Fleiri eru í vinnslu
Tengsl við sóknaráætlun	Verkefnið er grasrótarkerfni sem stuðlar að aukinni fjölbreytni atvinnutækifæra sumarið 2020 fyrir ungt fólk. Verkefnið eykur gæði og uppbygging í ferðaþjónustu með hagsmuni samfélagsins og umhverfis að leiðarljósi. Verið er að jafna dreifingu ferðamanna með því að byggja upp innviði til að fá fleiri ferðamenn á svæðið sem dvelja lengur. Verkefnið getur hafist strax en fer að mestu fram í júní og júlí.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið tengist inn á þrjú heimsmarkmið SP, með því að (8.1) viðhaldið verði hagvexti á hvern einstaklinga í samræmi við aðstæður í hverju landi, með því að skapa sumarstörf fyrir ungt fólk sem annars verður atvinnulaust eða í verulega skertu starfshlutfalli. Með því að (8.9) vinna að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggja áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur, og með því að (9.1) þróa trausta innviði, sjálfbæra og sveigjanlega til að styðja við efnahagsþróun þar sem lögð er áhersla á jafnt aðgengi fyrir alla, burtséð frá búsetu. Bárðardalur er jaðarsvæði og það er ekki um marga atvinnumöguleika að ræða fyrir námsmenn.
Árangursmælikvarðar	Aukinn fjöldi gesta á tjaldsvæði og lengri dvöl. Aukin nýting íbúa á íþróttasvæðinu, námsfólk með sumarstörf.
Lokaferð (hver verður lokaferð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Lokaferð er námsmenn með sumarstörf, skemmtilegt afþreyingarsvæði sem nýtist ferðamönnum og samfélaginu.
Upphaf og lok verkefnis	Verkefnið hefst í byrjun júní og líkur í lok júlí

## Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	7930561 kr.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	7.300.000 kr
Mótframlag (ef við á)	Ungmennafélagið Einingin 630.561 kr
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Það hlýtur að vera samstarfsverkefni þjóðarinnar að takast á við afleiðingar af völdum COVID-19. Þetta er liður í því verkefni í byggð sem hefur að miklu leyti byggt atvinnumöguleika sína í ferðaþjónustu á sumrin.